

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sóknarprestinum á Sauðárkróki, bæjarfógetanum á Sauðárkróki og formanni Kvenfélags Sauðárkróks. Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundi skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Stjórnin annast reikningshald sjóðsins og skal senda reikningana árlega Eftirliti opinberra sjóða, endurskoðaða af sóknarnefnd Sauðárkrókskirkju.

7. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 18. ágúst 1971.

Pórir Stephensen.

Jóh. Salberg Guðmundsson.

Sigrún Pétursdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Marsibil Sigurðardóttur frá Urðarbaki í Línakradal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. ágúst 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Marsibil Sigurðardóttur frá Urðarbaki í Línakradal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Marsibil Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf Ágústss Bjarnasonar, Kambsholti, Hvamms-tanga til minningar um eiginkonu sína Marsibil Sigurðardóttur, frá Urðarbaki í Línakradal, Vestur-Húnavatnssýslu, er andaðist 28. ágúst 1942.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 300 000.00 — Þrjú hundruð þúsund 00/100 —

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla sálarrannsóknir á Íslandi, svo sem með því að styrkja þjálfun miðla á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, útgáfu bóka um dulræn efni, vísindalegar rannsóknir á dularhæfileikum mannsálarinnar, framlífinu og sambandinu við látið fólk.

5. gr.

Stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands er sjóðsstjórn og hefur hún með höndum umsjón sjóðsins og reikningshald hans.

Endurskoðendur hans eru endurskoðendur félagsins.

6. gr.

Sjóðinn skal varðveita, eftir því sem unnt er, í visitölutryggðum verðbréfum með ríkisábyrgð eða á annan jafntryggan hátt.

Reikning skal árlega birta í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Upphaflegt stofnfé, sbr. 3. gr., visitölubætur og annað hliðstætt álag á stofnfé sbr. 6. gr. má ekki skerða næstu 46 ár frá 28. ágúst 1971 að telja. Vöxtum sjóðsins eins og hann er á hverjum tíma, má hins vegar verja í samræmi við tilgang þann, sem lýst er í 4. gr., annað hvort árlega eða með nokkurra ára millibili, allt eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu lagðar við höfuðstól og lúta ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, nema gefandi mæli öðruvísi fyrir, ef um gjafafé er að ræða, eða sjóðsstjórn ákveði annað fyrirfram, ef um annars konar tekjur er að ræða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

18. ágúst 1972.

Nr. 231.

AUGLÝSING

um skipulag í Hofshreppi í A-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hofshrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1972.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

22. ágúst 1972.

Nr. 232.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72/28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

15/20.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 66.60
I. gæðaflokkur	— 67.80
II. gæðaflokkur	— 65.40